


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	ENS 303	
Síða 1 af 2	Kennsluáætlun haustönn 2013	

Kennarar	Anke María Steinke, Harpa Jörundardóttir, Ómar Kristinsson, Karen Malmquist.	Sk.st.	AMS, HJD, ÓKR, KMQ
-----------------	------------------------------------------------------------------------------	---------------	--------------------

Áfangalýsing:

Áhersla er lögð á að nemendur verði betur læsir á flóknari texta en í undanfarandi áföngum og geti greint dýpri merkingu þeirra. Lesin verða bókmenntaverk, þ.á.m. ein óstytt skáldsaga (val milli tveggja). Lesnir verða textar tengdir menningu og þjóðlífi. Lögð er áhersla á að nemendur geti tjáð skoðanir sínar á skýran og rökrænan hátt í ræðu og riti. Farið verður ítarlega í uppbyggingu efnisgreina og ritgerða. Gert er ráð fyrir að nemendur kunni og geti beitt helstu grunnmálfræðireglum enskrar tungu við lok áfangans án þess þó að um skipulega málfræðikennslu sé að ræða.

Markmið:

- ☞ Að nemandi geti lesið flókna texta um margvísleg málefni
- ☞ Að nemandi geti túlkað texta og áttað sig á dýpri merkingu hans
- ☞ Að nemandi læri og tileinki sér aðferðir við ritun efnisgreina og ritgerða
- ☞ Að nemandi geti tjáð sig skipulega og skapandi í rituðu og töluðu máli
- ☞ Að nemandi þjálfist í að vinna sjálfstætt og í hópum
- ☞ Að nemandi þjálfist í notkun tengiorða og samheita og orðmyndun í rituðu máli

Námsgögn:

Echoes of English ENS 303 haust 2013 ; Fjölritað hefti, fæst á skrifstofu.

Smásagan "Bloodflowers" ásamt öðru ítarefni frá kennara og/eða á Moodle


Valbækur:

Harper Lee, *To Kill a Mockingbird*, (allar óstyttar útgáfur)

Ray Bradbury, *Fahrenheit 451*, (allar óstyttar útgáfur)

Áætlun um yfirferð:

Vika	Almennt	Verkefni
34	Kynning á áfanganum	
35-38 (25. ágúst - 21. sept.)	Ritun Kynning áfanga og kennsluáætlunar. Undirbúningur ritgerðar. Farið yfir þann hluta heftis sem fjallar um samningu efnisgreina og ritgerða.	Nemendur skila beinagrind að ritgerð (2,5%) og síðan grófu uppkasti með tékklista (2,5%) . Að lokum skila þeir fullunninni ritgerð sem byggð er á efnisyrdingu (thesis) og upp sett á hefðbundinn máta (15%) .
39-42 (22. sept - 19. okt.)	Skáldverk - skáldsaga Lesin skáldsaga og unnið með hana, einstaklingsbundið og í hópum. Leshringir og hópavinna með hvorri	Munnlegt próf (10%), framsaga (12%) auk skriflegs verkefnis (8%) í lok lotunnar.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	ENS 303	
Síða 2 af 2	Kennsluáætlun haustönn 2013	

	bók um sig.	
43-49 (20. okt. - 3. des.)	Textar og orðmyndun Unnið með texta og orðmyndun í textahefti. Skáldverk – smásaga Smásagan “Bloodflowers” lesin og tímaverkefni unnið úr henni.	Ýmis verkefni unnin heima, í tímum eða á Moodle.

Vægi námsþátta:

Skáldverk	Munnlegt próf (10%), ritunarverkefni (8%), framsöguverkefni (hópverkefni) (12%) tengd skáldsögu.	30%
	Smásaga / Verkefni	5%
Ritun	Ritgerð byggð á efnisyfirlingum (15%). Skil á beinagrind (2,5%), skil á uppkasti (2,5%)	20%
Verkefni	Ýmis verkefni unnin heima, í tímum eða á Moodle	5%
Skriflegt	Lokapróf úr textum og orðmyndun	40%
Samtals:		100%

Námsmat

Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um mætingu. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag nema annað sé tekið fram. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma þá lækkar einkunn um einn (1) fyrir hvern virkan dag sem líður.

Lágmarkseinkunn í áfanganum er 5 (þ.e. 45% til 54% markmiða náð).

Verði nemandi uppvís að ritstuldi við samningu ritgerðar eða annarra verkefna fær hann einkunnina 0,0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðað brottvikningu úr áfanganum.

Réttur til breytinga áskilinn.

Dagsetning: 20. ágúst 2013

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils